

## BARNATRYGGING

Þessi váttrygging tryggir börn og ungmenni frá 1 mánaðar aldri, til 22 ára, fyrir ýmsum læknisfræðilegum áföllum og tengdum kostnaði. Tryggja ehf. (heimili) er löggild váttryggingamiðlun sem hefur milligöngu um váttryggingarsamninginn við Travelers (fullt nafn og heimili), hér eftir kallað „félagið“, sem er váttryggjandi á Lloyds of London váttryggingamarkaðinum.

Tryggja ehf. hefur alla milligöngu um hvers kyns þjónustu og iðgjaldsgreiðslur er varða váttryggingasamningin. Símanúmer 414-1999 eða [tryggja@tryggja.is](mailto:tryggja@tryggja.is).

Þessi váttryggingaskilmálar mynda grundvöll váttryggingarsamningsins ásamt váttryggingarskírteini og váttryggingarumsókn.

### 1. Kafli. Varanleg og læknisfræðileg örorka

#### 1.gr. Bætur vegna varanlegrar Örorku:

Váttryggingin greiðir eingreiðslubætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem hlýst af sjúkdómi eða slysi váttryggðs sem verður á váttryggingartíma. Bætur greiðast ef mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku við endanlegt örorkumat er 10% eða meira. Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem metin er lægri, greiðast ekki. Bætur greiðast í hlutfalli við váttryggingafjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini, þó þannig að hver örorkuprósentu frá 51-62,5% verkar fjórfalt. Bætur við örorku sem metin er 62% verða því 100% af grunnváttryggingafjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini en þó aldrei umfram þær hámarksbætur sem skilgreindar eru á váttryggingaskírteini.

- Verði váttryggður fyrir lömun, þverlömun vegna sjúkdóms eða slyss greiðast bætur sem tilgreindar eru á váttryggingaskírteini til váttryggðs vegna breytinga á hjólastóla aðgengi á heimilisfesti váttryggðs.

#### 2.gr. Mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku

Læknisfræðilega örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu váttryggðs. Sé áverka/heilsutjóns ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta það sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Ber matsmanni þá að styðjast við útgefnar örorkutöflur annarra landa eftir því sem frekast er unnt. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Læknisfræðileg örorka sem var fyrir hendi þegar váttryggingin tók gildi veitir aldrei rétt til bóta. Sama gildir um ör eða önnur útlitslýti. Læknisfræðileg örorka skal endanlega ákveðin þegar örorkumat váttryggðs telst raunhæft að mati trúnaðarlæknis félagsins. Örorkumat skal þó í fyrsta lagi eiga sér stað 1 ári eftir tjónsatburð en ekki síðar en við 20 ára aldur og í því tilfelli gildir ekki fyrningarákvæði 125 gr. VSL. Ef váttryggður hefur greinst með fleiri sjúkdóma en einn og/eða lent í slysi eða fleiri slysum en einu á váttryggingartímanum, miðast mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku við heildarmat vegna allra bótaskyldra sjúkdóma og/eða slysa. Örorka sem hlýst af öðrum

sjúkdómum, slysum eða öðrum atvikum sem falla ekki undir váttrygginguna á váttryggingartíma verður ekki metinn sem hluti af mati til greiðslu bóta.

- Váttryggingin bætir ekki tjón sem orsakast vegna notkunar á skráningarskyldu ökutæki.

### 3.gr. Skilyrði greiðslu bóta:

Bætur greiðast váttryggðum sjálfum þegar endanlegt örorkumat liggur fyrir. Sé váttryggður ófjárráða við gjalddaga bóta greiðast bætur inn á bundin bankareikning í viðurkenndri fjármálastofnun á Íslandi, sem bundin er til 18 ára aldurs.

## 2. KAFLI AÐHLYNNINGARVERND

### 4.gr. Skilyrði greiðslu bóta:

Váttryggingin greiðir bætur greiðast þegar váttryggður vegna sjúkdóms eða slyss er vistaður á sjúkrahósti og/eða þarfnast sólarhrings aðhlynningar heima fyrir, samfara virkri meðferð, í samtals 7 daga á 98 daga tímabili. Með orðunum, „virk meðferð“ er átt við það sem gera þarf til þess að hafa áhrif á veikindin svo sem lyfjagjöf, þjálfun, læknismeðferð og almenna aðhlynningu frá umráðamanni eða hjúkrun. Skilyrði bótaskyldu er að vottorð þess læknis sem annaðist váttryggðan á ofangreindu tímabili staðfesti vistun á sjúkrahósti og/eða umönnunarpörf og virka meðferð sem og tímabil.

### 5.gr. Takmörkun bótaskyldu

Bætur greiðast einu sinni vegna hvers slyss eða sjúkdóms sem bótaskyld er. Takmörkun þessi nær einnig til fylgikvilla þeirra sjúkdóma, slysa og veikinda eða heilsufarseinkenna sem tengjast þeim læknisfræðilega.

### 6.gr. Greiðsla bóta og rétthafi

Bætur greiðast til váttryggingartaka.

## 4. KAFLI SJÚKDÓMAVERND

### 7.gr. Skilyrði bóta

Bætur vegna Sjúkdómaverndar greiðast í eingreiðslu ef váttryggður hlýtur eftirfarandi sjúkdómsgreiningu, sbr. nánari lýsingu í 8. gr. skilmála þessara:

- MS (heila- og mænusigg)
- krabbamein
- sykursýki (diabetes mellitus, tegund 1)
- alvarleg brunasár
- slímseigjusjúkdómur (cystic fibrosis)
- liðagigt
- alnæmi (AIDS) vegna stunguóhapps.

Bótaskylda er háð því að greining sjúkdóms hafi átt sér stað seinna en þremur mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar. Bótaskylda er einnig háð því að váttryggður sé á lífi 30 dögum eftir að sjúkdómsgreining hefur fengist.

### 8.gr. Nánari lýsing á bótaskyldum sjúkdómstegundum Sjúkdómaverndar

**MS (heila- og mænusigg):** Heila- og mænusigg greint á barnadeild við viðurkennt sjúkrahús eða af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Hinn váttryggði verður að hafa taugakerfiseinkenni í a.m.k. sex mánuði eða haft a.m.k. tvö klínískt staðfest tímabil einkenna. Þessu til staðfestingar skuli einkenni afmýlingar og truflun hreyfinga og skynjunar vera dæmigerð ásamt greiningu á mænuvökva og niðurstöðum segulómrannsóknar.

**Krabbamein:** Sjúkdómur sem gefur sig til kynna með illkynja æxli, sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja frumna og íferð í vef. Sjúkdómsgreininguna verður að sannreyna með afgerandi vefjarannsókn. Heitið krabbamein innifelur einnig hvítblæði og illkynja sjúkdóm í eitla og vessakerfinu ss. Hodginssjúkdóm.

Undaskilin bótaskyldu eru:

- hvers konar húðkrabbamein (þ.m.t. á vörum) að undanskyldum illkynja sortuæxlum
- öll æxli sem er vefjafræðilega lýst sem forstigseinkennum eða sem einungis sýna snemmbærar illkynja breytingar
- setbundið krabbamein, ekki ífarandi.

**Sykursýki (Diabetes Mellitus tegund 1):** Sykursýki greind af sérfræðingi í barnalækningum eða lyflækningum. Fastandi blóðsykur verður í endurteknum sýnum að hafa verið hærri en 8 mmol/l og váttryggður verður að hafa fengið meðhöndlun með insúlíni í meira en þrjá mánuði.

**Alvarleg brunasár:** Alvarleg brunasár eru þannig skilgreind að um þarf að vera að ræða þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs eða, ef þriðja stigs brunasár eru á andliti, þá þurfa brunasár að þekja a.m.k. 7% af yfirborði líkamans. Greining þessi þarf að vera staðfest af sérfræðingi.

**Slímseigjusjúkdómur (Cystic Fibrosis):** Slímseigjusjúkdómur greindur af sérfræðingi í barnasjúkdómum. Váttryggður verður að hafa haft langvinnan lungnasjúkdóm og/eða skort á framleiðslu brissafa. Jafnframt verður svitapróf að sýna að styrkur klóríðs sé meiri en 60 mmol/l hjá 16 ára og yngri og meiri en 80 mmol/l hjá eldri en 16 ára.

**Liðagigt (barnaliðagigt / langvinn liðagigt):** Liðagigt, barnaliðagigt eða langvinn liðagigt greind á viðurkenndu sjúkrahúsi eða hjá sérfræðingi í gigtarlækningum. Með gigt er í öllu samhengi átt við liðbólgu og að minnsta kosti tvö af eftirfarandi einkennum: Hreyfiskerðingu, hitaaukningu og sársauka.

- Liðagigt hjá 16 ára og yngri: Gigt í fleiri en einum lið í meira en þrjá mánuði. Rannsóknir skulu hafa farið fram sem útiloka að einkennin stafi frá liðbólgu tengdri sýkingu, smitandi liðsjúkdómi, bæklunarsjúkdómi, áverkum, óeðlilegri nýmyndun vefja, ónæmishöfnun og æðabólgu.
- Liðagigt hjá eldri en 16 ára: Að minnsta kosti fjögur af eftirfarandi sjö einkennum skulu vera til staðar: 1. morgunstirðleiki (stirðleiki í og kringum liði sem varir meira en 1 klukkutíma) 2.

liðbólga í þremur eða fleiri af eftirfarandi liðum samtímis: úlnliður, nærkjúkuliður fingra, miðkjúkuliður fingra, olnbogi, hnéliður, ökkliður og tábergslíðir 3. liðagigt í eftirfarandi liðum handarinnar: úlnliður, nærkjúkuliður fingra eða miðkjúkuliður fingra 4. samhverf liðagigt (liðagigt í sömu liðum á hægri og vinstri helmingi líkamans á sama tíma) 5. gigtarhnútar 6. jákvæðir gigtarþættir 7. dæmigerðar röntgenbreytingar á handa- og úlnliðsmyndum. Einkenni 1.-4. verða að hafa verið til staðar í minnst 6 vikur. Einkenni 2.-5. verða að hafa fundist af sama lækni og greindi sjúkdóminn.

**Alnæmi (AIDS) vegna stunguóhapps:** Eyðniveirusmit af völdum stunguóhapps sem váttryggður verður fyrir af völdum nálar sem skilin hefur verið eftir á leiksvæðum og útivistarsvæðum. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan 7 daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnaælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan 6 mánaða frá óhappinu.

### 9.gr. Greiðsla bóta og réttthafi

Bætur greiðast til váttryggingartaka.

### 10.gr. Takmörkun á Sjúkdómavernd

Bætur greiðast einu sinni vegna hvernar sjúkdómstegundar skv. 7. og 8.gr. skilmálanna en váttryggingin gildir áfram fyrir aðrar sjúkdómstegundir sem þar koma fram. Þetta þýðir t.d. að aðeins einu sinni fást greiddar bætur Sjúkdómaverndar vegna allra hugsanlegra krabbameinstilvika.

Ef bætur vegna Sjúkdómaverndar eru greiddar greiðast bætur Aðhlyningarverndar ekki vegna sama sjúkdómsástands.

## 3. KAFLI DÁNARBÆTUR

### 11.gr. Skilyrði greiðslu dánarbóta

Ef váttryggður deyr á váttryggingartíma greiðast dánarbætur. Váttryggingarfjárhæðin kemur fram í váttryggingarskírteini.

### 12.gr. Dánarbætur og réttthafi

Bætur greiðast til váttryggingartaka.

## 4. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

### 13.gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar

Félagið greiðir venjulegan kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr váttryggingunni. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til án samþykkis félagsins.

### 14.gr. Aldursmörk – aðilar váttryggingarsamnings

Félagið váttryggir ekki börn yngri en 1 mánaða og váttrygging fellur úr gildi er váttryggður nær 22 ára aldri.

Vátryggingartaki er sá sem gerir samning um vátrygginguna og greiðir iðgjald hennar. Vátryggður er sá einstaklingur sem tiltekin er sem vátryggður á vátryggingarskírteini.

### 15.gr. Greiðslur bóta

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingarsamninga.

### 16.gr. Almennar takmarkanir

Vátryggingin tekur ekki til nokkurra sjúkdóma sem sýna einkenni innan þriggja mánaða frá því að vátryggingin gekk í gildi. Vátryggingin nær ekki til slysa eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppþots eða svipaðra atvika né heldur slysa eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

### 17.gr. Sérstakar takmarkanir

- Ástand eða atburður fyrir töku vátryggingar:  
Vátryggingin tekur ekki til sjúkdóma, slysa, líkamságalla eða andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands, hafi einkenni þessa sýnt sig áður en vátryggingin tók gildi.
- Meðfæddir kvillar:  
Vátryggingin tekur ekki til meðfædds sjúkdóms, meðfædds líkamságalla eða meðfædds andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands ef talið er líklegt samkvæmt læknisfræðilegri reynslu; að það hafi verið til staðar frá fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði þar í frá eða að tilhneigingin til slíks ástands hafi verið til staðar við fæðingu. Ef einkennin koma fyrst í ljós þegar barnið er orðið 6 ára gilda takmarkanir samkvæmt 2. tölulíð ekki.
- Algjör takmörkun:  
Vátryggingin nær ekki til eftirtalinna sjúkdóma, heilkenna eða ástands án tillits til hvenær fyrstu einkenni koma fram:
  - ADD
  - DAMP
  - ADHD (athyglisbrestur, misþroski og athyglisbrestur með ofvirkni)
  - OCD (árátta og þráhyggja)
  - Aspergers heilkenni
  - Tourettes heilkenni
  - hvers konar andlegur seinþroski/þroskaröskun
  - einhverfa - lesblinda eða aðrar námsraskanir
  - geðrænar raskanir eða geðsjúkdómar.

Með geðrænni röskun og geðsjúkdómi er t.d. átt við persónuleikatrufnanir, átraskanir, taugageðrænar raskanir, geðveiki, hugraskanir, kvíða, þunglyndi eða langvinna þreytu. Vátryggingin tekur ekki til sjúkdóma sem rót eiga að rekja til misnotkunar áfengis, lyfja eða vímuefna svo og februnar- eða lýtaaðgerða.

### **18.gr. Aldurstengdar takmarkanir vegna 16 ára og eldri**

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Vátryggingin nær ekki til slysa er verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi og fallhlífarstökki.

### **19.gr. Gildistími - Endurnýjun**

Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini. Vátryggingin er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn.

### **20.gr. Uppsögn af hálfu vátryggingartaka - Uppgjör iðgjalds**

Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega hvenær sem er á vátryggingatímabilinu. Þá á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Réttur til endurgreiðslu stofnast þó ekki þegar vátryggingaratburður, sem veitir rétt til greiðslu bóta, hefur orðið á vátryggingatímabilinu.

### **21.gr. Uppsögn af hálfu félagsins á vátryggingartímanum**

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við: 1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara; 2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara.

### **22.gr. Brot á upplýsingaskyldu vegna áhættuupplýsinga**

Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið, ber félagið ekki ábyrgð. Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

### **23.gr. Brot á upplýsingaskyldu við uppgjör bóta**

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

### **24.gr. Iðgjaldið**

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins en Tryggja ehf. innheimtir iðgjaldið. Iðgjald er ákveðið miðað við iðgjaldaskrá félagsins hverju sinni. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils.

Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

### **25.gr. Vanskil iðgjalds**

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, sendir Tryggja ehf. nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður.

### **26. gr. Váttryggingarfjárhæðir og vísitölubinding**

Váttryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um váttrygginguna milli váttryggingartaka og félagsins. Upplýsingar um váttryggingarfjárhæðir koma fram í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

### **27. gr. Skilgreining hugtaksins „slys“**

Með orðinu “slys” er í váttryggingarskilmálum þessum átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

### **28.gr. Skilgreining á hugtakinu „sjúkdómur“**

Með orðinu “sjúkdómur” er átt við að heilsa váttryggðs hafi versnað, enda þótt ekki sé slysi um að kenna í skilningi váttryggingarinnar. Sjúkdómur telst vera til staðar talið frá þeim degi þegar lækni er fyrst leitað. Sjúkdómar með læknisfræðileg tengsl teljast vera einn og hinn sami sjúkdómur. Einangrun vegna smits samkvæmt fyrirmælum opinbers aðila telst vera sjúkdómur.

### **29.gr. Frestur til að tilkynna um tjón**

Tjón ber að tilkynna svo fljótt sem auðið er með því að hafa samband við Tryggja ehf. Váttryggður getur glatað rétti til bóta ef: 1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á; 2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað.

### **30.gr. Fyrning**

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fyrnast samkvæmt ákvæðum laga um váttryggingasamninga. Frá þeim fyrningarfresti dregst þó sá tími sem líður frá réttilega tilkynntu tjóni skv. 19. gr. þegar svo stendur á að trúnaðarlæknir félagsins skv. 2. gr. telur endanlegt örorkumat ekki tímabært 1 ári frá tjónsatburði.

### **31.gr. Ákvæði í váttryggingarskírteini**

Ákvæði í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

**32.gr. Lög um váttryggingarsamninga**

Að öðru leyti en kemur fram í þessum váttryggingarskilmála, gilda um váttryggingu þessa lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

**33.gr. Ágreiningur**

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunni [www.fme.](http://www.fme.), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.